



# Skaðsemisábyrgð

Skilmáli nr. AA21

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. AA21.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

**Skaðsemisábyrgð** er hugsuð fyrir rekstraraðila sem framleiða og selja vörur. Ábyrgð getur skapast þegar vara veldur tjóni hjá neytendum vegna galla.

**Skilmáli** segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.  
**Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

- I. **Almenn ákvæði**
- II. **Skaðsemisábyrgð**
- III. **Víðtæk vöruábyrgð (valkvætt)**

## I. Almenn ákvæði

Almenn ákvæði gilda um II. og III. kafla skilmála þessara.

### 1. Hver er tryggður?

1.1 Tryggingartaki er tryggður.

### 2. Hvar gildir tryggingin?

2.1 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á Íslandi.

2.2 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður í ríkjum utan Íslands sé þeirra sérstaklega getið í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Bætur fyrir tjón sem hlýst utan þessara ríkja greiðast ef tjónið verður rakið til söluvöru sem flutt er út úr nefndum ríkjum óbreytt, endurunnin eða sem hluti af annarri vöru:

- a) Til einkanota.
- b) Í atvinnuskyni, án þess að tryggðum hafi verið eða átt að vera kunnugt um að varan yrði flutt út úr þessum ríkjum.

### 3. Hvenær gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur tryggðum sem til stofnast á tryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.

3.2 Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- a) Tjónþoli gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur tryggðum eða VÍS.
- b) Tryggðum verður fyrst kunnugt um að þriðji aðili hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem gæti fallið undir tryggingu þessa og kunnir að verða rakið til gáleysis tryggðs eða söluvöru hans, eða að bein hættu sé á að slíkt tjón verði.

3.3 Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2 sem rakin er til tjóns sem verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætur VÍS ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en tryggingartímabilið hófst.

### 4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

4.1 Tryggingin bætur ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.



## 5. Varúðarreglur

- 5.1 Tryggður skal fara eftir fyrirmælum í lögum og reglugerðum að því er varðar mengunarvarnir.
- 5.2 Tryggður skal ekki gefa rangar eða villandi upplýsingar um eiginleika eða notkun vöru, sem hann selur eða lætur á annan hátt af hendi, t.d. í sölu- eða leiðbeiningarbæklingum.
- 5.3 Tryggður skal sjá til þess að vörur sem hann selur eða lætur á annan hátt af hendi fari í lögboðið gæðaeftirlit áður en þær fara á markað og gera sjálfur þær prófanir og greiningar sem hið opinbera fyrirskipar.
- 5.4 Tryggður skal ekki setja á markað söluvöru sem hann veit eða mátti vita að haldin væri skaðlegum eiginleikum.
- 5.5 Tryggður skal fylgja opinberum reglum og fyrirmælum um efnaíblandanir.
- 5.6 Tryggður skal fylgja reglum og fyrirmælum um merkingar söluvöru.

## 6. Áhættubreyting

- 6.1 Tryggður skal tilkynna VÍS um allar breytingar á umfangi og eðli atvinnurekstrarins sem haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð VÍS falli niður í heild eða að hluta, sbr. 24. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 7. Verð

- 7.1 Verð tryggingarinnar tekur mið af veltu og starfsemi tryggingartaka. Ef ekki er hægt að ákveða endanlegt verð í upphafi tryggingartímabils er það áætlað og endanlegt verð reiknað við lok tímabilsins. Tryggingartaka er skylt í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir lok tryggingartímabils að láta VÍS í té allar þær upplýsingar sem VÍS telur nauðsynlegar til endanlegrar ákvörðunar verðs. Berist upplýsingar þessar ekki í tæka tíð er VÍS heimilt að ákveða endanlegt verð eins og það telur sanngjarnt.

## 8. Tryggingarfjárhæð

- 8.1 Ábyrgð VÍS á hverju tryggingartímabili takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Þetta gildir þótt fleiri en eitt tjónsatvik verði á tryggingartímabilinu.
- 8.2 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast einnig við þá tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði mörg tjón vegna sama tjónsatburðar teljast þau vera af völdum eins tjónsatburðar.
- 8.3 Ábyrgð VÍS vegna tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð á því tryggingartímabili sem fyrsta skaðabótakrafa kom fram vegna tjónsatburðarins, enda þótt kröfur séu gerðar á fleiri tryggingartímabilum. Draga skal frá tryggingarbætur sem kunna að hafa verið greiddar vegna annarra tjónsatburða á því tímabili.
- 8.4 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til þess að skera úr um bótaskyldu tryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Þegar um er að ræða tjón utan Norðurlanda takmarkast greiðsluskylda VÍS við tryggingarfjárhæðina.
- 8.5 Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem VÍS ber að greiða.

## 9. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 9.1 Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

## 10. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 10.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 10.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 10.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 10.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 10.5 Tryggði skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón hins tryggða.

## 11. Staða tjónþola við tjón

- 11.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli



krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

- 11.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 11.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 11.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 12. Meðferð bótakrafna

- 12.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 12.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

## II. Skaðsemisábyrgð

### 13. Hvað bætir tryggingin?

- 13.1 Tryggingin bætir beint líkams- eða munatjón þriðja aðila af völdum vöru sem er haldin ágalla og sem tryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi, enda hafi tjónið orðið eftir að tryggður afhenti söluvöruna. Um skaðabótaábyrgð tryggðs fer eftir íslenskum lögum um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu VÍS að tjóninu hafi verið valdið í starfsemi þeirri sem nefnd er í skirteini eða endurnýjunarkvittun.
  - 13.1.1 Tryggingin tekur einnig til munatjóns af völdum vöru sem er haldin ágalla og sem tryggður selur eða lætur af hendi, enda hafi tjónið orðið eftir að tryggður afhenti söluvöruna. Þetta ákvæði gildir þó munurinn sé í eigu rekstraraðila og hann sé ekki aðallega ætlaður til einkaafnota.

### 14. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 14.1 Skemmdir á söluvörunni sjálfri.
- 14.2 Tjón, útgjöld eða kostnað við að tryggður tekur söluvöru aftur, býr til eða afgreiðir nýja vöru, gerir við, eyðileggur eða flytur á brott vöru eða gerir aðrar þess háttar ráðstafanir vegna galla á hinu seldu. Sama á við um kostnað, útgjöld eða tjón vegna könnunar á því hvort söluvara sé gölluð eða hættu sé á að tjónsafbúrðurinn gerist, eða tjóns sem stafar af því að ekki er unnt að nota gallaða söluvöru.
- 14.3 Tjón á munum samkvæmt gr. 13.1.1 sem búnir eru til úr söluvöru tryggðs, skeyttir eru eða blandaðir við hana eða eru á annan sambærilegan hátt tengdir við hana og tjónið verður af völdum gallaðrar vöru sem tryggður seldi eða lét á annan hátt af hendi og varð eftir að tryggður afhenti söluvöruna.
- 14.4 Rekstartap, afnotamissi eða annað óbeint tjón.
- 14.5 Tjón af völdum söluvöru sem notuð er við rekstur loftfars og á annað hvort þátt í flugslysi eða veldur hættu á því.
- 14.6 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- 14.7 Tjón sem rekja má til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. VÍS greiðir þó bætur vegna slíks tjóns, ef það verður rakið til eins skyndilegs atburðar.
- 14.8 Tjón sem rekja má til tóbaks og tóbaksvara.
- 14.9 Tjón sem rekja má til vöru sem haldin er ágalla og er seld eða afhent eftir að sala hennar hefur verið bönnuð á markaði.
- 14.10 Sektir eða önnur refsiviðurlög.
- 14.11 Sérstakar refsikenndar bætur (punitive damages).
- 14.12 Tjón sem beint eða óbeint verður af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

## III. Víðtæk vöruábyrgð

### 15. Hvað bætir tryggingin?

- 15.1 Tryggingin bætir tjón á munum sem búnir eru til úr söluvöru tryggðs, skeyttir eru eða blandaðir við hana eða eru á annan sambærilegan hátt tengdir við hana og tjónið verður af völdum gallaðrar vöru sem tryggður seldi eða lét á annan hátt af hendi og varð eftir að tryggður afhenti söluvöruna. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu VÍS að tjóninu hafi verið valdið vegna starfsemi þeirrar sem nefnd er í skirteini eða endurnýjunarkvittun og af völdum söluvöru sem þar er nefnd.
- 15.2 Greiðsluskylda VÍS samkvæmt gr. 15.1 takmarkast við bótaábyrgð sem beinlínis verður



rakin til þess að fleygja verður eða gera við hlut sem búinn er til úr söluvöru tryggðs eða tengdur henni eins og að ofan greinir eða að hluturinn verður dýrari í framleiðslu eða lækkar í verði. Bætur eru aðeins greiddar fyrir verðrýrnun hlutarins, aukakostnað við framleiðslu eða gerð hans eða beinan kostnað við viðgerð á honum. Ekki eru greiddar bætur fyrir annað tjón, útgjöld eða kostnað, t.d. vegna þess að senda þarf viðgerðarmenn eða aðra starfsmenn á vettvang, taka þarf hluti aftur, rannsaka eða flytja hluti sem búinir eru til úr söluvöru tryggðs eða vara menn við hættu á slíkum hlutum. Ef skemmdir eða tjón hefur hlotist af söluvöru tryggðs vegna muna sem getið er í gr. 15.1 ber að draga frá tryggingarbótum andvirði söluvöru tryggðs eins og það var miðað við ógallaða vöru.

## 16. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 16.1 Skemmdir á söluvörunni sjálfri.
- 16.2 Tjón, útgjöld eða kostnað við að tryggður tekur söluvöru aftur, býr til eða afgreiðir nýja vöru, gerir við, eyðileggur eða flytur á brott vöru eða gerir aðrar þess háttar ráðstafanir vegna galla á hinu seldu. Sama á við um kostnað, útgjöld eða tjón vegna könnunar á því hvort söluvara sé gölluð eða hættu sé á að tjónsatburðurinn gerist, eða tjóns sem stafar af því að ekki er unnt að nota gallaða söluvöru.
- 16.3 Rekstrartap, afnotamissi eða annað óbeint tjón, sbr. þó 15.2.
- 16.4 Tjón af völdum söluvöru sem notuð er við rekstur loftfars og á annað hvort þátt í flugslysi eða veldur hættu á því.
- 16.5 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- 16.6 Tjón sem rekja má til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. VÍS greiðir þó bætur vegna slíks tjóns, ef það verður rakið til eins skyndilegs atburðar.
- 16.7 Tjón sem rekja má til tóbaks og tóbaksvara.
- 16.8 Tjón sem rekja má til gallaðrar vöru og er seld eða afhent eftir að sala hennar hefur verið bönnuð á markaði.
- 16.9 Sektir eða önnur refsivíðurlög.
- 16.10 Sérstakar refsikenndar bætur (punitive damages).
- 16.11 Tjón sem beint eða óbeint verður af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**